

ÁRSSKÝRSLA 2008





Kátir voru karlar

Kútturinn var smíðaður í Skotlandi 1878 og Böðvar Þorvaldsson, faðir Haraldar Böðvarssonar, keypti hann til Akraness árið 1897. Hingað kom kútturinn 5. maí.

Tveimur dögum eftir komuna hingað, á afmælisdegi Haraldar Böðvarssonar, lá kútturinn með sitt gamla nafn, William Boy, í aftaka landsynningi úti á Krossvík og þjuggust flestir við að skipið myndi þá og þegar slitna upp og reka á land.

Böðvar hét þá á ungan son sinn, Harald, að láta skipið bera nafn hans eftirleiðis ef það stæði af sér óveðrið. Það varð og átti Böðvar Kúttur Harald í nokkur ár og gerði hann út frá Akranesi.



Kúttur Haraldur var í annarra eigu þegar hann strandaði og fórst við Grindavík árið 1926 undir nafninu Hákon. *Mannbjörg varð.*

Um hríð var Geir Sigurðsson skipstjóri á kútturum og honum hefur verið eignað eftirfarandi:

Kátir voru karlar á kúttur Haraldí til fiskiveiða fóru frá Akranesi.

Og allir komu þeir aftur og enginn þeirra dó. Af ánægju út að eyrum hver einasta kerling hló.

J.E. Jónasson / Geir Sigurðsson

Í baksýn myndarinnar af Kúttur Haraldí MB 1, sem þarna bar nafnið Kúttur Hákon RE 113, sést m.a. Tryggvagata og Norðurstígur í Reykjavík. Myndin mun vera tekin um 1915.



Mikilvægt er að ákveðin grunnþjónusta standi óhöggðu sama hvað á dynur. Uppbygging og rekstur hafna er verkefni sem framsýnir menn í upphafi síðustu aldar gerðu sér grein fyrir að væri óaðskiljanlegur hluti af sjálfstæði og vexti þjóðarinnar. Nú þegar stigið er til baka og grunnildin dregin fram að nýju má öllum vera ljóst hversu farsælt það var að nýta tækifæri undanfarinna ára til langtímafjárfestinga í hafnarmannvirkjum sem gerð eru til að standa lengi og nýtast þegar aftur mun gefa byr. Það styrkir hafnarstarfsemi á Faxaflóasvæðinu að stigið var skref til sameiningar hafna árið 2005 og stofnað eitt fyrirtæki sem nær frá Borgarfirði til Reykjavíkur með fiskihöfn á Akranesi og iðnaðarhöfn á Grundartanga. Í fjölbreytilegri þjónustu sem Faxaflóahafnir veita, nánast öllum greinum atvinnulífsins, felst mikill styrkur en jafnframt mikil ábyrgð sem felst í því að draga ekki úr gæðum þjónustunnar og öryggi þeirra sem hana nýta sér.

Það verður að horfa fram á veginn og til þeirra tækifæra sem geta beðið okkar handan hornsins. Án bjartsýni mun fátt verða okkur til heilla. Það sýnir trú Faxaflóahafna á endurreisn og uppbyggingu að senn fer af stað hugmyndasamkeppni sem tekur til skipulags Gömlu hafnarinnar og Örfiriseyjar. Samkeppnin er tvískipt þannig að bæði fagfólk og einstaklingar geta tekið þátt en með ólíkum hætti. Litlar reglur munu gilda um það með hvaða hætti almenningur skilar tillögum inn í keppnina. Það geta verið ljóð eða hugmyndir á blaði. Arkitektar skila tillögum með svipuðu sniði og þeir gera almennt í samkeppnum sem þessum. Áhugi fyrir hugmyndasamkeppninni virðist vera mikill. Þegar hafa verið haldnir opnir fundir sem lofa góðu varðandi framhaldið.

Á sama hátt eru Faxaflóahafnir að nýta tímann til þess að skoða nýja möguleika á heppilegri staðsetningu fyrir fyrirtæki sem eru í grófum iðnaði til að skapa þeim aðstöðu sem hentar betur þeirra starfsemi. Við flutninginn geta skapast tækifæri til uppbyggingar á glæsilegum stöðum í borgarlandinu. Hafnarsvæðið, eins og borgin öll, er í stöðugri þróun og endurnýjun.

Faxaflóahafnir fara ekki varhluta af þeim erfiðleikum sem að okkur steðja. Snertifletir hafnanna við íslenskt atvinnulíf eru margvíslegir og reksturinn í eðli sínu samofinn efnahagsástandinu hverju sinni. Hafa ber í huga að rekstrarstöðir félagsins eru sterkar og möguleikar til að taka vel á móti viðsnúningnum, þegar að honum kemur, eru miklir.



Skjótt hafa veður skipast í lofti. Gjørningaveður efnahagslæggðar blæs nú um íslenskt mannlíf og þar með talið atvinnulíf landsmanna. Faxaflóahafnir sf. fara ekki varhluta af þessum hremmingum. Innflutningur hefur dregist saman, skipaferðum fækkar og lóðaeftirspurn er óveruleg. Erfið staða þýðir ekki að nú skuli árar lagðar í bát. Vissulega þarf að rífa seglin, en mikilvægt er að halda áfram undirbúningi mikilvægra verka og koma þeim verkefnum í framkvæmd sem brýnust eru. Öflugar hafnir með fjölbreyttu baklandi verða áfram uppspretta og vettvangur atvinnulífs. Það er mikilvægt að snúa vörn í sókn og á athafnasvæðum Faxaflóahafna sf. eru aðstæður til að hrinda góðum atvinnuskapandi hugmyndum í framkvæmd. Þrátt fyrir nokkurn samdrátt voru umsvif Faxaflóahafna sf. á árinu 2008 veruleg og afkoman þolanleg. Stjórn og stjórnendur Faxaflóahafna sf. hafa það skýra markmið að verja stöðu fyrirtækisins og leggja sitt að mörkum til að skapa aðstæður fyrir fjárfestingar á hafnarsvæðunum. Í heildina hefur hlutur sjávarafla aukist hjá Faxaflóahöfnum sf. sem er ánægjulegt enda munu fiskafurðir sem fyrr verða hornsteinn Íslendinga í útflutningi og gjaldeyrisöflun. Þá hafa komur skemmtiferðaskipa verið vaxandi og farþegum fjölgað. Þar er um að ræða vaxtarsprotta sem skiptir Faxaflóahafnir sf. miklu en ekki síður þjónustuaðila í landi þar sem eflaust má vinna betur úr þeim tækifærum sem koma þessara gesta skapar. Þá skal nefna að ýmis tækifæri eru jafnt og þétt til skoðunar á Grundartanga, en án vafa mun sá tími koma að framsýnir fjárfestar velji að hefja þar starfsemi. Þrátt fyrir andbyr eru því tækifæri og möguleikar, sem mikilvægt er að nýta eins og kostur er í því skyni að snúa við þeirri óheillaþróun sem átt hefur sér stað.

Afkoma Faxaflóahafna sf. var á árinu 2008 jákvæð um 230 mkr., sem er þolanleg niðurstaða. Fyrirtækið ber ekki þunga skuldabagga sem er forsenda þess að komast klakklaut í gegnum erfiða tíma. Þrátt fyrir að forsendur ákveðinna framkvæmda hafi breyst þá er fyrirtækið eftir sem áður í stakk búið til að koma þeim mikilvægustu áfram og verða þannig í dauðafæri þegar hagur landsmanna batnar. Í þeirri viðreisn eru landsmenn allir mikilvægir þátttakendur og ekki síst Faxaflóahafnir sf.



Skýrsla stjórnar Faxaflóahafna sf. og hafnarstjóra á ársfundi Faxaflóahafna sf. 20. maí 2009.

Inngangur

Starfsemi Faxaflóahafna sf. gekk ágætlega árið 2008 þrátt fyrir verulegan samdrátt seinni hluta ársins og hrun efnahagskerfisins. Í upphafi árs þegar gengi krónunnar fór að gefa eftir og vextir fóru hækkandi mátti búast við minni hagvexti og nokkrum samdrætti og miðuðu áætlanir Faxaflóahafna sf. við þær vísbendingar. Samdráttar fór þó ekki að gæta í flutningum fyrr en í júní mánuði og á haustdögum var samdrátturinn orðinn verulegur. Þrátt fyrir þá kollsteypu sem átti sér stað í lok septembermánaðar þá tókst að ná þeim megin markmiðum sem sett höfðu verið í fjárhagsáætlun ársins án þess að rýra fjárhagsstöðu fyrirtækisins. Unnið var að stórum verkefnum í Gömlu höfninni, Sundahöfn og á Grundartanga og tókst að ljúka flestum þeirra eins og áætlað hafði verið. Hins vegar kom hrun á fasteignamarkaði í veg fyrir að byggingarréttur á 1. áfanga Mýrargötu-svæðisins yrði seldur eins og ráðgert hafði verið og fjármagnskreppa hafi leitt til þess að áætlanir fyrirtækja um uppbyggingu hafi sett allar áætlanir þeirra úr skorðum. Því blasir það við að eftirspurn eftir lóðum á hafnarsvæðunum hefur nánast horfið um sinn og þau fyrirtæki sem þegar hafa fengið lóðarúthlutun á Grundartanga, í Sundahöfn og á Fiskislóð hafa ýmist hætt við framkvæmdir eða frestað þeim á meðan ekki er unnt að fá fyrirgreiðslu bankastofnana. Af hálfu Faxaflóahafna sf. hefur verið brugðist við þessari stöðu m.a. með því að hægja á landþróun, lóðargerð og ákveðnum hafnarframkvæmdum, en áhersla þess í stað verið lögð á undirbúning og skipulagningu, sem án vafa mun skila sér þegar rofar til aftur í íslensku efnahagslífi.

Stærstu verkefni á árinu 2008 voru m.a. land- og lóðargerð á Grundartanga, landgerð í Sundahöfn ásamt lengingu Vogabakka, landþróun á Mýrargötu-svæðinu, uppkaupt eign vegna framtíðar skipulags bæði á Ægisgarði og í Sundahöfn og loks kaup á nýjum lóðs- og dráttarbáti, Jötni, sem er mikil viðbót við bátafloata hafnarinnar.

Auk þessara verkefna má einnig nefna frágang mála varðandi gjöf Faxaflóahafna sf. á Grandagarði 8 í tilefni af 90 ára afmæli Gömlu hafnarinnar í Reykjavík til Sjóminjasafnsins Víkurinnar og framkvæmda við gömlu Verbúðarbryggjuna þannig að þar mætti staðsetja varðskipið Óðinn og dráttarbátinn Magna.

Þá var m.a. hafist handa við undirbúning hugmyndasamkeppni um Gömlu höfnina, sem væntanlega lýkur í lok árs 2009, en öllum er ljós nauðsyn þess að skýr framtíðarsýn liggi fyrir um þetta mikilvæga svæði höfuðborgarinnar.

Eignaraðilar Faxaflóahafna sf. og eignarhlutir þeirra eru eftirfarandi:

Reykjavíkurborg	75,00%
Akraneskaupstaður	10,70%
Hvalfjarðarsveit	9,24%
Borgarbyggð	4,84%
Skorradalshreppur	0,22%

Stjórn fyrirtækisins

Í janúarmánuði 2008 var haldinn eigendafundur Faxaflóahafna sf. og urðu þá nokkrar breytingar á fulltrúum Reykjavíkurborgar í stjórn fyrirtækisins, en stjórnin var eftir þann fund skipuð eftirfarandi aðilum:

Reykjavíkurborg:

Aðalmenn:	Júlíus Vífill Ingvarsson, formaður Ásta Þorleifsdóttir, varaformaður, Jórunn Frímansdóttir, Óskar Bergsson, Björk Vilhelmsdóttir.
Varafulltrúar:	Ólafur R. Jónsson, Ólöf Guðný Valdimarsdóttir, Halldór Guðmundsson, Margrét Sverrisdóttir, Oddný Sturludóttir.

Akraneskaupstaður:

Aðalfulltrúi:	Sæmundur Víglundsson,
Varafulltrúi:	Þórður Þórðarson,
Áheyrnarfulltr.	Sveinn Kristinsson.

Hvalfjarðarsveit:

Aðalfulltrúi:	Hallfreður Vilhjálmsson,
Varafulltrúi:	Stefán G. Ármannsson.

Borgarbyggð:

Aðalfulltrúi:	Páll Snær Brynjarsson,
Varafulltrúi:	Sveinbjörn Eyjólfsson.

Áheyrnarfulltrúi starfsmanna Faxaflóahafna sf.

Aðalfulltrúi:	Þórdís Sigurgestsdóttir,
Varafulltrúi:	Ragnar Eggertsson.

Á aðalfundi í lok maímánaðar varð sú breyting á stjórninni að Sveinn Kristinsson, áheyrnarfulltrúi Akraneskaupstaðar vék úr stjórninni en sæti hans tók Guðni Tryggvason. Þá var nýr áheyrnarfulltrúi starfsmanna Faxaflóahafna sf. skipaður Sigríður Sigurbjörnsdóttir og til vara Gils Friðriksson.

Í ágúst mánuði urðu enn breytingar á stjórn Faxaflóahafna sf. og var stjórnin skipuð eftirfarandi fulltrúum frá þeim tíma til aðalfundar í maí 2009:

Reykjavíkurborg:

Aðalmenn: Júlíus Vífill Ingvarsson, formaður
Guðmundur Gíslason, varaformaður,
Jórunn Frímannsdóttir,
Dagur B. Eggertsson,
Þorleifur Gunnlaugsson.

Varafulltrúar: Ólafur R. Jónsson,
Sigrún Magnúsdóttir,
Halldór Guðmundsson,
Oddný Sturludóttir,
Björk Vilhelmsdóttir

Akraneskaupstaður:

Aðalfulltrúi: Sæmundur Víglundsson,
Varafulltrúi: Þórður Þórðarson,
Áheyrnarfulltr. Guðni Tryggvason.

Hvalfjarðarsveit:

Aðalfulltrúi: Hallfreður Vilhjálmsson,
Varafulltrúi: Stefán G. Ármannsson.

Borgarbyggð:

Aðalfulltrúi: Páll Snær Brynjarsson,
Varafulltrúi: Sveinbjörn Eyjólfsson.

Áheyrnarfulltrúi starfsmanna Faxaflóahafna sf.

Aðalfulltrúi: Sigríður Sigurbjörnsdóttir,
Varafulltrúi: Gils Friðriksson.

Afkoma ársins 2008

Rekstrarafkoma Faxaflóahafna sf. árið 2008 var jákvæð um 219.0 mkr. Tekjur voru nokkuð yfir áætlun, en sömuleiðis voru rekstrarútgjöld nokkra meiri, m.a. þar sem gjöf Faxaflóahafna sf. til Sjóminjasafnsins Víkurinnar var gjaldfærð á árið, en ekki hafði verið gert ráð fyrir þeirri gjaldfærslu í fjárhagsáætlun. Í heild voru rekstrartekjur Faxaflóahafna sf. kr. 2.601.405.132 eða 3% hærra en árið 2007 og 10.7% hærra en áætlun ársins hafði gert ráð fyrir. Mestur munur var á áætluðum vörugjöldum og endanlegri niðurstöðu, en sá munur skýrist fyrst og fremst af því að gert hafði verið ráð fyrir að samdráttur í innflutningi myndi verða fyrir á árinu 2008 en raun varð. Þá voru aflaggjöld og eignatekjur nokkra hærra en áætlað hafði verið.

Rekstrargjöld ársins 2008 voru kr. 2.217.679.226 eða um 304,5 mkr. hærra en áætlað var. Mesta frávikíð er vegna gjaldfærslu Grandagarðs 8, Sjóminjasafnsins, eða 205,0 mkr. og gjaldfærsla á raunbreytingu lífeyrisskuldbindinga, sem ekki hafði verið gert ráð fyrir í fjárhagsáætlun. Að þeim liðum frátöldum er mismunur áætlunar og niðurstöðu um 70,5 mkr. Hagnaður fyrir fjármunaliði var 383.7 mkr. en að teknu tilliti til fjármunagjalda, sem aukin verðbólga og miklar breytingar á gengi íslensku krónunnar höfðu veruleg áhrif á, þá nam hagnaður ársins

218 mkr., fastafjármunir Faxaflóahafna sf. jukust um 7.3%, en eignir samtals um 5,1%. Vegna gengisbreytinga og lántöku við kaup á dráttarbátum Jötni hækkuðu langtímaskuldir Faxaflóahafna sf. úr 1,3 ma. kr. í 1.9 ma. kr. en heildarskuldir hækkuðu úr 1,9 ma. kr. í 2,3 ma. kr. Eigið fé fyrirtækisins hækkaði um 219 mkr. eða í 10.4 ma. kr. sem er um 2,1%. Handbært fé frá rekstri nam 1,3 ma. kr., til fjárfestingahreyfinga fóru 1,1 ma. kr. og handbært fé í árslok um 210 mkr. hærra en það hafði verið í ársbyrjun.

Framkvæmdir ársins 2008

Til fjárfestinga í varanlegum rekstrarfjármunum árið 2008 var varið 1.961 mkr. og var skipting þeirra eftir athafnasvæðum eftirfarandi:

Gamla höfnin	128 mkr.	6,5%
Sundahöfn	1.089 mkr.	55,5%
Grundartangi	356 mkr.	18,2%
Akranes og Borgarnes	2 mkr.	0,1%
Annað	386 mkr.	19,7%
Alls	1.961 mkr.	100%

Í Gömlu höfninni var haldið áfram með land- og lóðagerð á Mýrargötsvæðinu auk þess sem unnið var að gerð sölu-gagna vegna fyrirhugaðrar sölu byggingarréttar á svæðinu. Vestasti hluti svæðisins er nánast að verða byggingarhæfur, en breytt mynd efnahagsmála og fasteignamarkaðar leiðir til þess að óraunhæft er að huga að úthlutun lóða á svæðinu fyrr en horfur batna. Þá var unnið að endurbótum á Grandagarði 8, Sjóminjasafninu, gatnagerð á Fiskislóð, sem nú er lokið. Í Sundahöfn var unnið áfram að lengingu Vogabakka og hafist handa við efnisskiptaskurð utan Klepps og við Skarfabakka. Það verkefni er forsenda frekari bakkagerðar og þróunar Sundahafnar, sem til framtíðar mun bæta alla aðstöðu á svæðinu, bæta nýtingu lands og bjóða upp á nýjar leiðir í löndun og losun varnings sem fer um svæðið. Um er að ræða nokkurra ára verkefni, sem unnið verður að í áföngum á næstu árum. Á Grundartanga var unnið að land- og lóðagerð, skipulagi svæðisins og umhverfisbótum á hafnarvæðinu með lagningu slitlags á baksvæði. Á Akranesi var unnið að undirbúningi hugmynda um landfyllingar vestan Aðalhafnargarðs, en ef farið er í þær framkvæmdir þá verður til mikilvægt bakland hafnarinnar, sem nýta má til hafnsækkinnar starfsemi.

Skipulagsverkefni

Á árinu 2008 var hafist handa við hugmyndasamkeppni um Gömlu höfnina. Skipaður hefur verið vinnuhópur sem formaður stjórnar Faxaflóahafna sf., Júlíus Vífill Ingvarsson leiðir, en ráðgjafi og verkefnisstjóri er Ásdís Ingbórsdóttir, arkitekt. Gert er ráð fyrir því að niðurstaða samkeppninnar liggi fyrir á síðustu mánuðum ársins.

Unnið var að deiliskipulagi hluta lands Klafastaða á Grundartanga. Þar verður m.a. gert ráð fyrir um 100 iðnaðarlóðum og lengingu viðlegumannvirkja og hafnarbakka um allt að 750 metra. Nokkrar lóðir eru þegar tilbúnar og verður hagræmt að ganga frá fleiri lóðum eftir því sem eftirspurn kallar á. Sömuleiðis verður mögulegt, eftir að umhverfismat liggur fyrir, að lengja viðlegumannvirki og hafnarbakka eftir því sem þörf verður á hverju sinni. Unnið var að breytingu á aðalskipulagi Sundahafnar vegna fyrirhugaðrar lengingar Skarfabakka og landfyllingar við Vatnagarða. Breytingin verður staðfest á árinu 2009. Í undirbúningi er að deiliskipuleggja athafnasvæðið í Sundahöfn sem er utan Klepps, athafnasvæði Björgunar í Sævarhöfða og hafnarsvæðið á Akranesi.

Fasteignir vegna skipulags og lóðamál

Faxaflóahafnir sf. keyptu á árinu 2008 fasteignina Ægisgarð 7, en húsið stendur á lóð sem fellur undir deiliskipulag Mýrargötusvæðis. Þá var undirritaður samningur við Mjólkurfélag Reykjavíkur um kaup á fasteignunum Korngarðar 6, 8 og 11, en gert ráð fyrir að forsenda kaupa á eignunum Korngarðar 5 og 7 grundvallist á flutningi fyrirtækisins upp á Grundartanga. Staða efnahagsmála hefur m.a. haft það í för með sér að fjármögnun þess verkefnis er óviss, en verði ekki af flutningi fyrirtækisins kemur ekki að svo stöddu til frekari uppkaupa Faxaflóahafna sf. á fasteignum félagsins. Á Grundartanga hefur 4 lóðum verið úthlutað til fyrirtækja, en framkvæmdum seinkað þar til fjármögnun fæst í verkefnin. Þá hafa Faxaflóahafnir sf. tekið við hluta af eignum ODR við Gelgjutanga, sem keyptar voru árið 2007, en fyrirhugað var að Húsasmíðjan reisti þar vöruhús. Áform þess fyrirtækis hafa frestast að sinni, en eignirnar við Gelgjutanga leigðar ODR út árið 2009. Þá var fyrirhugað að OLIS færi í byggingarframkvæmdir á lóð við Klettagarða 27, en þeim framkvæmdum hefur verið frestað. Á Fiskislóð eru nokkrar lóðir sem úthlutað hefur verið enn óbyggðar, en framkvæmdir þó hafnar á hluta þeirra. Tafir á framkvæmdum á þeim lóðum má einnig rekja til þess efnahagsumhverfis sem ríkir. Þá var fyrirhugað að bjóða út byggingarrétt á lóðum vestast á Mýrargötusvæðinu. Í ljósi stöðunnar á byggingarmarkaði hefur útboði á þeim rétti verið frestað þar til líklegra verður að ásættanleg boð verði gerð. Gríðarlegur samdráttur á fasteignamarkaði og vandkvæði við fjármögnun verkefna þýðir að ekki er líklegt að Faxaflóahafnir sf. hafi neinar tekjur að ráði á næstu árum af sölu byggingarréttar. Byggingarréttur verður þó til sölu á Mýrargötusvæðinu og á Grundartanga þegar úr rætist og verður það fyrirtækinu mikilvægt.

Þróunarverkefni

Af hálfu Faxaflóahafna sf. hefur verið unnið að undirbúningi landfyllinga við Akranes sem unnt verður að framkvæma þegar aðstæður kalla á. Samhliða hefur verið skoðað hvernig ráða megi bót á ókyrrð í Akraneshöfn í samvinnu við Siglingastofnun. Á árinu 2007 hafði verið unnin ákveðin forvinna

varðandi mögulegt grófiðnaðarsvæði í Álfsnesi, en vinna við það verkefni hefur legið niðri á árinu 2008 að öðru leyti en því að á vegum skipulagssviðs Reykjavíkurborgar hefur verið unnin úttekt á kostum svæðisins. Þá hefur umhverfismat vegna hugsanlegs D-reits austan Ingólfsгарðs verið í undirbúningi ásamt umhverfismati vegna hugsanlegrar stækkunar viðlegukants á Grundartanga.

Ýmis atriði

Á árinu 2008 komu 1.518 skip yfir 100 brt. til hafnar. Skipting þeirra var eftirfarandi:

a)	Vöruflutningaskip	573
b)	Skemmtiferðaskip	83
c)	Fiskiskip	620
d)	Tankskip	134
e)	Rannsóknarskip og varðskip	86
f)	Önnur skip	22

Þess má geta að farþegar með skemmtiferðaskipum voru 59.308 sem er 10.8% aukning frá árinu áður. Sumarið 2008 var fyrsta heila árið sem þjónustumiðstöðin á Skarfabakka var í notkun og hafði rekstur hennar verið boðinn út. Hæst bjóðandi var fyrirtækið Travel Mart og tókst afar vel til með móttöku farþega. Er án vafa hægt að hagnýta enn frekari tækifæri vegna komu farþeganna. Af hálfu Faxaflóahafna sf. hefur verið lögð áhersla á það við rekstraraðila skemmtiferðaskipanna að dvelja lengur en gert hefur verið í Reykjavík og nýta aðstöðuna til farþegaskipta, en við hvern dag sem við bætist í viðlegu í Reykjavík verður umtalsverð veltuaukning fyrir ýmsa þjónustuaðila. Án nokkurs vafa liggja ónýtt tækifæri í ýmsum þáttum varðandi komu skemmtiferðaskipa til Reykjavíkur.

Hlutverk Faxaflóahafna sf. er fyrst og fremst að skapa bestu aðstæður fyrir komu skipanna, góða umgjörð á hafnarbakka og markaðssetja höfnina sem ákjósanlegan viðkomustað. Sú markaðsvinna sem unnin hefur verið hefur borið góðan árangur, en sé slegið slöku við þá iðju er árangurinn fljótur að hverfa. Það er því mikilvægt að halda vel á spilunum í þessu efni með aukinni áherslu á lengri viðveru skipanna í Reykjavík og áherslu á farþegaskipti, en þeir þættir leiða til verulegrar veltuaukningar hjá þjónustuaðilum sem vilja nýta sér viðskiptatækifæri við þá 60.000 ferðamenn sem koma með skipunum.

Nýr dráttar- og lóðsbátur, Jötunn, var afhentur Faxaflóahöfnunum í októbermánuði og er nú samanlagt togafli fjögurra báta fyrirtækisins 86 tonn og öryggi í móttöku stærri skipa þar af leiðandi mun betra en nokkru sinni fyrr.

Bættur dráttarbátafloki Faxaflóahafna sf. hefur leitt til þess að í auknum mæli sinna starfsmenn Faxaflóahafna sf. aðstoð utan hafnarsvæðisins. M.a. voru starfsmenn og bátar fyrirtækisins í lykilhutverki við björgun Wilson Muuga af strandstað á Suðurnesjum í maí 2007 og aukning hefur orðið í þjónustu við olíuskip sem koma með eldsneytisfarma til geymslu í olíutönkum við innanverðan Hvalfjörð.



TIONA
COPENHAGEN

REYKJAVIK

REYKJAVIK

Landaður afli var alls 122.900 tonn á árinu 2008. Landað var í Reykjavík um 99.200 tonnum. Landaður afli á Akranesi var hins vegar aðeins 23.700 tonn og skýrist það fyrst og fremst af afleitri loðnuveiði auk þess sem niðurskurður á aflaheimildum í þorski hefur komið þungt niður á starfsemi HB Granda hf. á Akranesi.

Faxaflóahafnir sf. eiga tæplega fjórðungs eignarhlut í Speli ehf. Fyrirtækið á og rekur Hvalfjarðargöng og hefur reksturinn gengið vel. Umferð árið 2008 var alls 1.965.923 bifreiðar, sem er eilítil fækkun miðað við árið á undan.


Faxaflóahafnir sf. tóku þátt í tveimur markaðssýningum vegna skemmtiferðaskipa árið 2008. Önnur var árleg sýning á Miami og hin í Feneyjum. Þá tóku Faxaflóahafnir sf. þátt í sjávarútvegssýningunni sem haldin var í októbermánuði í Kópavogi. Gefin voru út 4 tölublöð Hafnarblaðsins, sem fjallar um það helsta sem er fréttæmt af málefnum Faxaflóahafna sf. Að auki var með hefðbundnum hætti unnið að framkvæmd Hátíðar hafsins og Siglingar um Sundin með nemendum 6. bekkja skóla á starfssvæði Faxaflóahafna sf.

Í lok árs störfuðu 70 starfsmenn hjá Faxaflóahöfnum sf.

Lokaorð

Sú breyting sem hefur orðið í efnahagsmálum þjóðarinnar hefur mikil áhrif á rekstur Faxaflóahafna sf. Með minnkandi innflutningi lækka tekjur fyrirtækisins af vörugjöldum og með hruni á fasteignamarkaði er ljóst að ekki er að vænta verulegra tekna vegna sölu byggingarréttar á næstu árum. Ljóst er að þessi staða mun hægja á getu fyrirtækisins til að vinna að þeim uppbyggingarverkefnum sem vonir stóðu áður til að hefðu skjótari framgang. Ársreikningur fyrirtækisins sýnir að um síðustu áramót var fjárhagur Faxaflóahafna sf. traustur. Versnandi skilyrði og almenn óvissa kalla þó á sérstaka aðgæslu og hagsýni í rekstri þannig að áfram megi koma til framkvæmda brýnum og spennandi verkefnum, sem á komandi árum munu styrkja innviði samfélagsins á starfssvæði fyrirtækisins. Á athafnasvæðum Faxaflóahafna sf. eru mikil verðmæti fólgin í verðmiklum lóðum sem munu án vafa nýtast fyrirtækinu og eigendum þess þegar efnahagur þjóðarinnar batnar. Þangað til er mikilvægt að halda áfram eins og kostur er þeim undirbúningi og skipulagningu sem er forsenda frekari framfara. Fulltrúum í stjórn Faxaflóahafna sf. eru færðar þakkir fyrir gott samstarf sem og starfsfólki fyrirtækisins fyrir vel unnin störf á árinu 2008.

Reykjavík 11. apríl 2009



Júlíus Vífill Ingvarsson,
Formaður stjórnar



Gísli Gíslason, hafnarstjóri





Reykjavíkurhöfn

Landgerð: 1900-2024



Yfirlitskort

Skýringar

- Mörk Hafnarsvæða 
- Strandlína 1900 
- Upprunalegt land 
- Landfylling til 2008 
- Væntanleg landfylling 

Upprunalegt land: 176,4 ha
Fylling til 2008: 155,3 ha
Frámíðarfylling: 49,5 ha
ALLS: 381,2 ha



BORGARNES



AKRANES



GRUNDARTANGI








Graent bókhald


Grænt bókhald Faxaflóahafna 2008

Upplýsingar í þessari skýrslu teljast eins réttar og þær geta orðið miðað við þau gögn sem liggja fyrir. Tölurnar eru ýmist fengnar úr bókhaldi Faxaflóahafna, frá birgjum eða áætlaðar eftir bestu vitund þegar rauntölur liggja ekki fyrir.

Stjórn Faxaflóahafna samþykkir hér með grænt bókhald fyrir árið 2008.

Reykjavík, 17. apríl 2009



Júlíus Vífill Ingvarsson, formaður



Jórunn Ósk Frímannsdóttir



Guðmundur Gíslason


Dagur B. Eggertsson


Þorleifur Gunnlaugsson


Sæmundur Víglundsson


Páll Brynjarsson


Hallfreður Vilhjálmsson

Inngangur

Grænt bókhald er skilgreint sem efnisbókhald þar sem fram koma upplýsingar á tölulegu formi um hvernig umhverfismálum er háttað í viðkomandi starfsemi. Græna bókhaldið á þannig að sýna áhrif starfseminnar á umhverfið. Niðurstöður eru settar fram í svokölluðum lykiltölum sem eru mælikvarðar á magn eða frammistöðu viðkomandi umhverfisþátta. Grænt bókhald gefur þannig upplýsingar um frammistöðu í umhverfismálum á sama hátt og rekstrarbókhald gefur upplýsingar um fjárhagslega frammistöðu.

Reglugerð um grænt bókhald nr. 851/2002 hefur að markmiði að veita almenningi, félagasamtökum og stjórnvöldum upplýsingar um hvernig umhverfismálum er háttað í starfsemi sem haft getur í för með sér mengun. Ennfremur er það markmið reglugerðarinnar að hvetja rekstraraðila til að fylgjast vel með helstu umhverfisþáttum starfseminnar og leitast við að tryggja að þróun starfseminnar sé jákvæð fyrir umhverfið.

Grænt bókhald fyrir árið 2008 er þriðja græna bókhald Faxaflóahafna. Faxaflóahöfnum sf. er ekki skylt að halda grænt bókhald en hafnarstjórn samþykkti árið 2006 að koma í framkvæmd grænu bókhaldi og var það fyrsta gefið út með ársreikningi fyrir árið 2006. Tilgangur þess er að meta umhverfisáhrif rekstrar og innkaupa og áhrif af umhverfisstarfi Faxaflóahafna sf., lágmarka umhverfisáhrif af völdum starfseminnar og auka umhverfisvitund starfsmanna.

Vinnuhópur á vegum Faxaflóahafna skilgreindi 16 lykiltölur árið 2006 sem áhugavert og nauðsynlegt væri að vakta. Grænt bókhald fyrir árið 2008 inniheldur tölulegar upplýsingar um 8 fyrstu lykiltölurnar eins og græna bókhaldið gerði árin á undan. Bornar eru saman lykiltölur milli árána 2007 og 2008 og sést þannig hvaða árangur náðst hefur í umhverfismálum á milli árána.

1. Raforka

2. Heitt og kalt vatn

3. Eldsneytisnotkun

4. Pappírnotkun

5. Úrgangur og spilliefni

6. Mengunaróhöpp

7. Dýpkun hafna

8. Landfyllingar

9. Eiturefni og hættuleg efni

10. Mengun sjávar og sets

11. Mengun jarðvegs

12. Hávaði

13. Jarðvegsfok

14. Umferð á hafnarsvæðum

15. Nýting lands

16. Umhverfisvöktun samkvæmt mati á umhverfisáhrifum framkvæmda

Það er einlægur vilji hafnarstjóra að hjá Faxaflóahöfnum sé unnið markvisst að umbótum í umhverfismálum og að fylgst verði með frammistöðu í þeim málefnum.

Almennar upplýsingar um fyrirtækið

Tafla 1. Almennar upplýsingar um Faxaflóahafnir sf. 2008 og árið 2007 til samanburðar.

		2008	2007
Starfsmenn Faxaflóahafna sf.	fjöldi	70	68
Bífreiddar í eigu Faxaflóahafna sf.	fjöldi	21	21
Bátar í eigu Faxaflóahafna sf.	fjöldi	4	3
Flatarmál hafnarlands og lengd viðlegukanta			
Gamla höfnin	ha / m	70 / 3.359	70 / 3.359
Sundahöfn	ha / m	192 / 2.151	190 / 2.151
Eiðsvík og Gufunes	ha / m	95 / 196	95 / 196
Grundartangi	ha / m	675 / 640	675 / 640
Akranes	ha / m	- / 1.272	- / 1.272
Borgarnes	ha / m	- / 61	- / 61
Hafnarland og viðlegukantar alls	ha / m	1.032 / 7.679	1.030 / 7.679
Lóðir í eigu Faxaflóahafna	ha	350	344
Húsnæði Faxaflóahafna, til eigin nota			
Skrifstofuhúsnæði Tryggvagötu, í notkun Faxaflóahafna	m ²	1.672	1.672
Skrifstofuhúsnæði Tryggvagötu, í leigu	m ²	4.127	4.127
Bækistöð, Gamla höfnin	m ²	1.243	1.243
Vigtarhús, Gamla höfnin	m ²	93	93
Vigtarhús, Akranes	m ²	32	32
Hafnarhúsið Akranesi	m ²	211	211
Þjónustuhús Skarfabakka	m ²	360	360
Húsnæði alls	m ²	7.738	7.738
Skipakomur (yfir 100 tonn)			
Skemmtiferðaskip og fjöldi farþega	fjöldi	83 / 59.308	76 / 53.529
Önnur skip	fjöldi	1440	1616
Flutningar	tonn / TEU	4.088.594 / 267.151	4.944.006* / 291.748

*Flutningamagn í tonnum talið fyrir árið 2007 er leiðrétt tala miðað við niðurstöðu græns bókhalds ársins 2007.

Lykiltölur í grænu bókhaldi

Raforka – notkun og sala

Lykiltalan á við raforkunotkun í byggingum Faxaflóahafna og sölu raforku til skipa og báta í gegnum rafdreifikerfi. Af umhverfislegu sjónarmiði er æskilegt að stefnt sé að betri nýtingu raforku í byggingum og þar með að í byggingum verði dregið úr notkun raforku milli ára. Hins vegar er æskilegt að sala raforku til skipa í gegnum rafdreifikerfi aukist frá ári til árs þar sem aukin notkun raforku í skipum og bátum kemur í veg fyrir að þau noti olíu til að keyra ljósavélar. Aukin sala raforku dregur þannig bæði úr notkun eldsneytis, losun mengunar til umhverfisins og hávaða.


Tafla 2. Raforkunotkun í byggingum Faxaflóahafna og sala raforku til skipa og báta árið 2008 og til samanburðar árið 2007.

	2008 kWst	2007 kWst	2008 kWst / m2	2007 kWst / m2
Raforkunotkun í byggingum				
Bækistöð, Gamla höfnin	127.860	122.500	103	99
Skrifstofuhúsnæði í Tryggvagötu, leigjendur og skrifstofa Faxaflóahafna sf.	341.600	340.200	59	59
Skrifstofuhúsnæði í Tryggvagötu, húsnæði í notkun Faxaflóahafna sf.*	98.490	98.100	59	59
Hafnarhús á Akranesi	10.660	10.700	51	51
Heildarrafarkunotkun í byggingum Faxaflóahafna sf.	480.110	473.000	-	-
Heildarrafarkunotkun í byggingum í notkun Faxaflóahafna	237.005	231.200	-	-
Rafdreifikerfi (rafmagn selt í skip og báta)	3.382.760	3.376.000	-	-

*Áætluð notkun

Mynd 1 sýnir sölu á rafmagni til skipa og báta á árunum 2006 til 2008 og rafmagnsnotkun Faxaflóahafna yfir sama tímabili. Sala til skipa og báta stendur í stað milli áranna 2008 og 2007. Heildarrafarkunotkun Faxaflóahafna hefur aukist um 2% í byggingum í notkun Faxaflóahafna á þessu tímabili.

Mynd 1. Rafmagnssala til skipa og báta og raforkunotkun í byggingum í notkun Faxaflóahafna (kWst) árið 2008 og til samanburðar fyrir árin 2006 og 2007.



Heitt og kalt vatn – notkun og sala


Lykiltalan á við notkun á heitu og köldu vatni í byggingum Faxaflóahafna og sölu til skipa og báta. Af umhverfislegu sjónarmiði er æskilegt að stefna að því að draga úr óþarfa notkun á heitu og köldu vatni. Því er mikilvægt að nýta sem best þá orku sem fer til upphitunar húsnæðis og fylgjast með notkun á köldu vatni, bæði í húsnæði Faxaflóahafna og sölu til skipa og báta. Með því að fylgjast með innkeyptu magni af vatni og notkun er hægt að fylgjast með vatnslekum.

Tafla 3. Heitavatnsnotkun í húsnæði Faxaflóahafna árið 2008 og til samanburðar notkun árið 2007.

	2008 m ³	2007 m ³	2008 m ³ / m ³	2007 m ³ / m ³
Heitavatnsnotkun í húsnæði Faxaflóahafna sf.				
Skrifstofuhúsnæði í Tryggvagötu, leigjendur og skrifstofa Faxaflóahafna sf.	19.699	20.303	0,92	0,95
Skrifstofuhúsnæði í Tryggvagötu, húsnæði í notkun Faxaflóahafna sf.*	5.681	5.855	0,92	0,95
Bækistöð, Gamla höfnin	6.843	7.421	0,93	1,0
Vigtarhús, Gamla höfnin	2.378	3.077	7,9	10
Vigtarhús, Akranes	213	394	1,7	3,1
Hafnarhúsið, Akranesi	761	635	1,0	0,84

*Áætluð notkun

Mynd 2. Heitavatnsnotkun í húsnæði sem nýtt er af Faxaflóahöfnum (m³) árið 2008 og til samanburðar árin 2006 og 2007.




Tafla 4. Notkunarstuðull Orkuveitu Reykjavíkur fyrir heitavatnsnotkun í mismunandi tegundum húsnæðis.

Tegund húsnæðis	m ³ / m ³
Verslunarhúsnæði	0,6-0,8
Skrifstofuhúsnæði	0,5-0,8
Iðnaðarhúsnæði	0,4-1,0
Lagerhúsnæði	0,3-0,8

* vanmat um 18-20.000 m³

Mynd 3. Heitavatnsnotkun í húsnæði Faxaflóahafna (m³/m³) árið 2008 og til samanburðar árin 2006 og 2007.




Tafla 5. Innkaup, sala og útskýrð kaldavatnsnotkun 2008 og til samanburðar árið 2007.

	2008	2007
	m ³	m ³
Kalt vatn, innkaup fyrir bryggjur	244.236	260.100
Kalt vatn, sala í skip og báta	71.353	79.700
Hlutfall af seldu vatni	29%	30%

* Vanmat um 18-20.000 m³

Mynd 4. Innkaup og sala á köldu vatni (m³) árið 2008 og til samanburðar árin 2007 og 2006. (Árið 2006 var magnið vanmetið um 18-20.000 m³).




Tafla 6. Kaldavatnsnotkun í húsnæði Faxaflóahafna árið 2008 og til samanburðar kaldavatnsnotkun árið 2007.

	2008 m3	2007 m3	2008 m3 / m2	2007 m3 / m2
Kaldavatnsnotkun í húsnæði Faxaflóahafna sf.				
Skrifstofuhúsnæði í Tryggvagötu, leigjendur og skrifstofa Faxaflóahafna	1.785	1.412	0,2	0,2
Skrifstofuhúsnæði í Tryggvagötu, húsnæði í notkun Faxaflóahafna*	399	316	0,2	0,3
Hafnarhúsið Akranesi	49	43	0,2	0,2
Bækistöð, Gamla höfnin	243	225	0,2	0,2

*Áætluð notkun

Mynd 5. Kaldavatnsnotkun í húsnæði sem nýtt er af Faxaflóahöfnum (m3) árið 2008 og til samanburðar árin 2006 og 2007.




Eldsneytisnotkun

Lykiltalan á við notkun eldsneytis (skipaolíu, dísil og bensín) fyrir ökutæki og báta. Skipaolía er notuð á báta í eigu Faxaflóahafna en díselolía og bensín á bifreiðar og vélar. Jarðefnaeldsneyti er óendurnýjanleg auðlind og brennsla eldsneytis veldur losun mengandi efna til umhverfisins, m.a. gróðurhúsalofttegunda. Af umhverfislegu sjónarmiði er mikilvægt að draga úr notkun jarðefnaeldsneytis, bæði með því að velja sparneytnari skipavélar og bifreiðar og huga að því hvort hægt sé að velja vélar og tæki sem nota endurnýjanlega orkugjafa.

Tafla 7. Eldsneytisnotkun og útstreymi gróðurhúsalofttegunda vegna brennslu eldsneytis árið 2008 og til samanburðar árið 2007.

	2008 L	2007 L	2008 Kg CO2 ígildi	2007 Kg CO2 ígildi
Heildarnotkun, skipaolía	141.131	144.317	377.900	386.400
Heildarnotkun, dísel	31.624	31.956	85.100	86.000
Heildarnotkun, bensín	11.298	8.348	26.300	19.400
Alls	-	-	489.300	491.800
Meðaltalseyðsla skipaolíu pr. vélatíma, aðalvélar	52,1	51,6		
Meðaltalseyðsla dísel pr. 100 km	13,9	13,4		
Meðaltalseyðsla bensín pr. 100 km	7,9	7,6		
Hlutfall losunar fyrir landið allt (%)			0,013%	0,013%
Hlutfall losunar við samgöngur (%)			0,050%	0,065%

Mynd 6. Útstreymi gróðurhúsalofttegunda (kg CO₂ ígilda) vegna brennslu eldsneytis árið 2008 og til samanburðar árin 2006 og 2007.




Pappírnotkun

Lykiltalan á við um notkun skrifstofupappírs. Þó svo að pappírinn sjálfur sé endurnýjanleg auðlind er mikilvægt að minnka notkun auðlindarinnar þar sem alltaf eru notaðar einhverjar óendurnýjanlegar auðlindir og orka við framleiðslu, flutning og förgun pappírins.

Tafla 8. Notkun skrifstofupappírs árið 2008 og til samanburðar árið 2007.

	2008	2007	2008	2007	2008	2007
	Fjöldi	Fjöldi	Kg	Kg	Kg / starfsmann	Kg / starfsmann
Skrifstofupappír (A4 blöð)	120.000	75.000	600	375	9	6

Mynd 7. Notkun skrifstofupappírs (kg/starfsmann) árið 2008 og til samanburðar árin 2006 og 2007.




Almennur úrgangur og spilliefni

Lykiltalan á við myndun og meðhöndlun almenns úrgangs og spilliefna. Af umhverfislegu sjónarmiði er mikilvægt að draga úr myndun almenns úrgangs og spilliefna, auka endurvinnslu þess úrgangs sem til fellur og sjá til þess að spilliefnum sé fargað á forsvaranlegan hátt. Lykiltalan tekur bæði til úrgangs sem myndast í eigin starfsemi en einnig til úrgangs sem myndast á hafnarsvæðum hjá einstaklingum og í starfsemi annarra fyrirtækja, sem Faxaflóahafnir sjá um að sé safnað inn frá. Faxaflóahafnir hafa því jákvæð umhverfisáhrif með því að bjóða upp á tanka fyrir úrgangsolíu og standa fyrir hreinsunarátaksverkefnum á hafnarsvæðinu. Þessar aðgerðir hafa þó í för með sér að magn úrgangs sem skrifast á Faxaflóahafnir eykst.

Tafla 9. Almennur úrgangur frá skrifstofuhúsnæði í Tryggvagötu árið 2008 og til samanburðar árið 2007.


Úrgangstegundir	Meðhöndlun	2008	2007
		Kg	Kg
Gæðapappír	Endurvinnsla	480	460
Dagblöð og tímarit	Endurvinnsla	1.850	1.550
Bylgjupappi	Endurvinnsla	1.142	926
Blandaður úrgangur	Förgun	12.405	17.062
Úrgangur alls	-	15.877	20.000
Meðhöndlun	Kg	%	Kg
Úrgangur til förgunar	12.405	78	17.000
Úrgangur til endurvinnslu	3.472	22	3.000

Mynd 8. Alm. úrgangur frá skrifstofuhúsnæði í Tryggvagötu (kg) árið 2008 og til samanburðar árin 2006 og 2007.



Tafla 10. Úrgangur sem safnað er saman fyrir hafnarsvæði árið 2008 og til samanburðar árið 2007

Úrgangstegundir	Meðhöndlun	Reykjavík		Grundartangi		Akranes		Samtals	
		2008	2007	2008	2007	2008	2007	2008	2007
		Kg	Kg	Kg	Kg	Kg	Kg	Kg	Kg
Blandaður úrgangur	Förgun	17.710	30.080	13.670		12.730	240	44.110	30.320
Bylgjupappi	Endurvinnsla	0	0	0	0	0	0	0	0
Grófur úrgangur	Förgun	105.080	125.260	4.850	21.200	1.400	17.430	111.330	163.910
Hjólbarðar til förgunar	Förgun	130.784	75.820	0	0	0	0	130.784	75.820
Málmar	Endurvinnsla	45.520	37.050	1.060	1.950	4.970	0	51.550	39.000
Gler og postulín	Förgun	0	9.480	0	0	360	0	360	9.480
Timbur	Endurvinnsla	32.672	60.650	49.340	35.690	2.760	0	84.772	96.340
Timbur, litað og blandað	Endurvinnsla	3.280	12.850	1.720	0	0	0	5.000	12.850
Úrgangur alls	-	335.046	351.190	70.640	58.860	22.220	17.670	427.906	427.720
Meðhöndlun		%	%	%	%	%	%	%	%
Úrgangur til förgunar		76	69	26	36	65	100	67	65
Úrgangur til endurvinnslu		24	31	74	64	35	0	33	35

Mynd 9. Úrgangur sem safnað er saman fyrir hafnarsvæði (kg) árið 2008 og til samanburðar árin 2006 og 2007.

Tafla 11: Úrgangstegundir og magn sem nýtast sem hráefni hjá Faxaflóahöfnum árið 2008 og til samanburðar árið 2007.

Úrgangstegundir	Meðhöndlun	2008 Magn	2007 Magn
Hjólbarðar	Endurvinnsla (pybbur)	2.570 stk	1.400 stk
Fyllingarefni og jarðvegur frá framkvæmdum á höfuðborgarsvæðinu	Endurvinnsla (fyllingarefni)	123.000 m ³	147.000 m ³

Spilliefni

Faxaflóahafnir geta haft jákvæð umhverfisáhrif með því að bjóða upp á aðstöðu fyrir viðskiptavinum hafnanna til þess að skila inn spilliefnum. Þetta er gert með því að staðsetja tanka fyrir úrgangsolíu á hafnarsvæðum fyrir smábátæigendur en þeir eru staðsettir á Reykjavíkurhöfn og Akraneshöfn.

Tafla 12. Úrgangsolía og önnur spilliefni safnað saman á hafnarsvæði árið 2008 og til samanburðar árið 2007.


	2008 L*	2007 L*	2008 kg***	2007 kg***
Reykjavíkurhöfn	21.000**	5.850	4.781	1.604
Akraneshöfn	1.600	3.150	60	0
Grundartangahöfn, spilliefni			2.000	2.300
Spilliefni alls	22.600	9.000	6.841	3.904

*Úrgangsolía

**Þar af 19.500 L af olíumenguðum sjó

*** önnur spilliefni

Mynd 10. Spilliefni frá hafnarsvæðum (kg) árið 2008 og til samanburðar árin 2006 og 2007.



Mengunaróhöpp

Lykiltalan á við um mengunaróhöpp á hafnarsvæði, þar sem olía eða önnur mengandi efni berast í sjóinn, við bryggju og baksvæði þeirra. Ef magn mengandi efna er yfir 100 l ber að tilkynna það til Faxaflóahafna. Einnig ber að tilkynna óhöpp á skipum og bátum þar sem mengandi efni hafa lekið úr tilheyrandi umbúðum og geta valdið mengunaróhöppum. Þetta gildir bæði fyrir mengunaróhöpp sem verða við starfsemi Faxaflóahafna og þeirra sem leigja svæði af Faxaflóahöfnum. Haldið hefur verið utan um þau óhöpp sem tilkynnt hafa verið, en ekki er hægt að tryggja að öll óhöpp séu tilkynnt til Faxaflóahafna.

Eins og fram kemur í töflu 13 voru 5 mengunaróhöpp tilkynnt til Faxaflóahafna á árinu 2008 og 4 árið 2007.

Þau fimm mengunaróhöpp tilkynnt á árinu 2008 voru eftirfarandi:

1. Um 400-500 l af gasolíu lak út í höfnina í apríl.
2. Um 100 l af svartolíu lak út í höfnina í maí.
3. Svartolía lak út í sjó í maí.
4. Glussi lak út í sjó í júlí.
5. Um 120 l af svartolíu lak út í höfnina í ágúst.

Tafla 13. Mengunaróhöpp tilkynnt til Faxaflóahafna árið 2008 og til samanburðar árið 2007.

	2008	2007	2008	2007
	Fjöldi	Fjöldi	Fjöldi / skipakomur yfir 100 tonn	Fjöldi / skipakomur yfir 100 tonn
Tilkynnt óhöpp á landi				
Tilkynnt óhöpp á sjó	5	4	0,003	0,002
Mengunaróhöpp alls	5	4	0,003	0,002


Dýpkun hafna

Lykiltalan á við um umfang dýpkunar hafna og mögulega nýtingu þess efnis sem verður til við dýpkun hafna. Dýpkun hafna getur krafist þess að fjarlægja þurfi mengað set sem koma þarf fyrir, t.d. í landfyllingum. Ávinningur við notkun dýpkunarefna til landgerðar er töluverður ef um tiltölulega ómengað efni er að ræða þar sem efnistaka og efniskaup sparast.

Tafla 14. Magn dýpkunarefnis sem nýtt er til landgerðar og varpað er í hafið árið 2008 og til samanburðar árið 2007.

	2008	2007
	m ³	m ³
Dýpkunarefni nýtt til landgerðar	0	0
Dýpkunarefni varpað í hafið	64.300	201.770
Heildarmagn dýpkunarefnis	64.300	201.770

Mynd 11. Magn dýpkunarefnis sem nýtt er til landgerðar og varpað er í hafið (m³) árið 2008 og til samanburðar árin 2006 og 2007.



Landfyllingar


Lykiltalan á við um landfyllingar sem eru hluti af stækkun hafnarsvæða og byggingu hafnarmannvirkja. Landfyllingar hafa áhrif á náttúrulega lögun hafnarinnar, auk þess að breyta samsetningu þeirra jarðefna sem eru til staðar innan hafnarsvæðisins (t.d. með endurnýtingu fyllingarefna og jarðvegs frá framkvæmdum).

Hjá Faxaflóahöfnum er haldið utan um upplýsingar um landsvæði sem fer undir landfyllingar og tegundir og magn efna sem notað er til landfyllinga.

Tafla 15. Landsvæði til landfyllinga og magn og tegundir efna sem notað voru til landfyllingar árið 2008 og til samanburðar árið 2007.

		2008	2007
Landsvæði til landfyllinga	ha	Magn 3,9	Magn 6
Magn efna til landfyllinga, áætluð skipting			
Dýpkunarefni til landgerðar	m ³	0	0
Endurvinnsla fyllingarefnis og jarðvegs frá framkvæmdum á höfuðborgarsvæðinu	m ³	31.000	147.000
Fyllingarefni í útboðsverkum	m ³	92.000	115.000
Keypt fyllingarefni úr námum í sjó	m ³	376.000	236.000
Heildarmagn efna til landfyllinga	m³	499.000	498.000

Mynd 12. Magn efna til landfyllinga, áætluð skipting (m³) árið 2008 og til samanburðar árin 2006 og 2007.








IMO 8903935

Flutningar um hafnir Faxaflóahafna sf. árið 2008 (í tonnum)

	Reykjavík	Grundartangi	Akranes	Samtals 2008	Samtals 2007	Samtals 2006	Samtals 2005
Innflutningur							
Olía	436.514			436,514	484,852	583,871	544,764
Vörur til stóriðju		805.701		805,701	980,957	719,312	689,576
Bífréiðar	22.392			22,392	38,718	37,359	41,660
Byggingavörur	101.543			101,543	196,809	171,510	100,831
Laust korn	60.846			60,846	85,623	72,402	74,607
Ýmsar vörur	655.036	2.741	13,039	670,816	817,752	703,411	741,297
	1.276.331	808.442	13,039	2,097,812	2,604,711	2,287,865	2,192,735
Útflutningur							
Vörur frá stóriðju		445.038		445,038	357,680	291,574	219,458
Sjávarafurðir	254.114		6.869	260,983	206,086	292,058	279,632
Ýmsar vörur	162.100	789		162,889	238,063	266,163	99,331
	416.214	445.827	6.869	868.910	801,829	849,795	598,421
Strandflutningar							
Frá höfn	97.090		26,894	123,984	182,824	189,804	297,207
Til hafnar	1.503			1,503	410	2,220	135,969
	98.593	0	26,894	125,487	183,234	192,024	433,176
Milliflutningar							
	40.170			40,170	49,146	56,390	46,762
ALLS:	1.831.308	1.254.269	46.802	3.132.379	3,638,920	3,386,074	3,271,094
Dæld steinefni	810.875		145.340	956.215	1,305,086	1,425,722	1,215,199
Landaður afli	99.193		27.574	126.767	163,274	129,388	125,610
ALLS:	2,741,376	1,254,269	219,716	4,215,361	5,107,280	4,941,184	4,611,903

Flutningar um hafnir Faxaflóahafna



Skipakomur til Faxaflóahafna sf. 2008


	Reykjavík	Grundartangi	Akranes	Samtals 2008	Samtals 2007	Samtals 2006	Samtals 2005
Fjöldi skipa							
Flutningaskip	396	136	42	574	601	569	591
Fiskiskip	569	1	52	622	762	657	685
Farþegaskip	83			83	76	74	79
Tankskip	132		2	134	92	198	200
Rannsóknar- og varðskip	85			85	155	89	87
Önnur skip	24		1	25	23	35	73
	1.289	137	97	1.523	1.709	1.622	1.715

Samanlögð stærð skipa (bt)


Flutningaskip	3.048.167	803.857	38.987	3.891.011	3.845.338	3.562.528	3.378.415
Fiskiskip	589.611	1.833	65.439	656.883	523.642	636.891	628.382
Farþegaskip	2.313.155			2.313.155	2.000.765	2.170.825	2.287.138
Tankskip	540.882		4.419	545.301	173.395	167.783	160.657
Rannsóknar- og varðskip	168.010			168.010	830.598	765.347	750.819
Önnur skip	90.860		152	91.012	70.707	60.300	17.696
	6.750.685	805.690	108.997	7.665.372	7.444.445	7.363.674	7.223.107

Skipakomur til Faxaflóahafna 2008

Fyrsta viðkomuhöfn




Skipakomur til hafna Faxaflóahafna



Gámaflutningar í gámaeiningum (TEU) árið 2008

	Sundahöfn	Grundartangi	Samtals 2008	Samtals 2007	Samtals 2006	Samtals 2005
Til hafnar						
Hlaðnir	107.188	5.837	113.025	136.626	129.460	129.434
Tómir	11.653	8.084	19.737	12.160	14.615	9.886
Alls	118.841	13.921	132.762	148.786	144.075	139.320
Frá höfn						
Hlaðnir	49.760	13.187	62.947	58.298	60.105	56.133
Tómir	71.153	289	71.442	84.664	73.454	73.906
Alls	120.913	13.476	134.389	142.962	133.559	130.039
Samtals						
Hlaðnir	156.948	19.024	175.972	194.924	189.565	185.567
Tómir	82.806	8.373	91.179	96.824	88.069	83.792
Alls	239.754	27.397	267.151	291.748	277.634	269.359

Gámaflutningar um Faxaflóahafnir



Rekstrarreikningur ársins 2008

	Fjárhagsáætlun		
	2008	2008	2007
Rekstrartekjur			
Vörugjöld	880,492,000	920,083,623	897,181,113
Aflagjöld	105,000,000	125,216,223	102,179,465
Skipagjöld	191,770,000	188,485,759	179,042,537
Eignatekjur	659,629,000	708,371,676	609,670,980
Hafnarþjónusta	184,574,000	188,876,873	185,443,012
Siglingavernd	176,978,000	190,118,776	178,240,325
Söluhagnaður eigna og aðrar tekjur	<u>150,000,000</u>	<u>274,609,776</u>	<u>373,513,341</u>
	<u>2,348,443,000</u>	<u>2,595,762,706</u>	<u>2,525,270,773</u>
Rekstrargjöld			
Hafnarvirki	246,090,000	263,717,101	225,021,533
Eignagjöld	234,571,000	292,198,582	202,846,501
Hafnarþjónusta	283,857,000	306,408,572	299,864,872
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	296,168,000	258,755,951	277,342,171
Siglingavernd	152,454,000	160,451,955	130,669,921
Raunbreyting lífeyrisskuldbindingar	0	29,073,121	8,283,707
Gjöf til Sjóminjasafns	0	208,891,944	0
Afskriftir	<u>700,000,000</u>	<u>680,748,761</u>	<u>670,107,000</u>
	<u>1,913,140,000</u>	<u>2,200,245,987</u>	<u>1,814,135,705</u>
Hagnaður fyrir fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	435,303,000	395,516,719	711,135,068
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	45,000,000	276,410,184	124,797,615
Vaxtatekjur. Verðb., gengismunur og arður	<u>(115,000,000)</u>	<u>(441,035,082)</u>	<u>(110,136,265)</u>
Vaxtagjöld. Verðbætur og gengismunur	<u>(70,000,000)</u>	<u>(164,624,898)</u>	<u>14,661,350</u>
Hagnaður ársins	<u>365,303,000</u>	<u>230,891,821</u>	<u>725,796,418</u>

Efnahagsreikningur

Eignir

	2008	2007
Fastafjármunir		
Varanlegir rekstrarfjármunir:		
Fasteignir og lóðir	3.948.081.011	3.620.188.847
Hafnir og mannvirki	6.164.308.917	6.205.223.885
Gatnakerfi	457.084.208	130.423.368
Bátar, bifreiðar, áhöld og tæki	<u>615.568.326</u>	<u>292.308.901</u>
	<u>11.185.042.462</u>	<u>10.248.145.001</u>
Áhættufjármunir og langtímakröfur:		
Eignarhlutir í öðrum félögum	38.570.616	33.814.220
Langtímakröfur	652.111.460	754.880.013
Næsta árs og gjaldfallnar afborganir	<u>(440.377.859)</u>	<u>(396.688.826)</u>
	<u>250.304.217</u>	<u>392.005.407</u>
Fastafjármunir	<u>11.435.346.679</u>	<u>10.640.150.408</u>
Veltufjármunir		
Skammtímakröfur:		
Viðskiptakröfur	277.555.325	290.030.243
Aðrar kröfur	10.351.319	109.826.415
Næsta árs og gjaldfallnar afborganir	440.377.859	396.688.826
Fyrirframgreiðslur	11.245.402	308.234.217
Handbært fé:		
Sjóður og bankainnstæður	<u>610.529.956</u>	<u>400.119.848</u>
Veltufjármunir	<u>1.350.059.861</u>	<u>1.504.899.549</u>
Eignir samtals	<u>12.785.406.540</u>	<u>12.145.049.957</u>

31. desember 2008

Skuldir og eigið fé

	2008	2007
Eigið fé		
Óráðstafað eigið fé	<u>10,447,261,445</u>	<u>10,216,369,624</u>
Eigið fé samtals	<u>10,447,261,445</u>	<u>10,216,369,624</u>
Skuldbindingar		
Lífeyrisskuldbindingar		
Áætluð lífeyrisþátttaka næsta árs	84,164,000	59,554,000
	<u>(8,416,400)</u>	<u>(5,360,000)</u>
Skuldbindingar	<u>75,747,600</u>	<u>54,194,000</u>
Langtímaskuldir		
Langtímaskuldir	1,889,156,236	1,582,619,423
Næsta árs afborganir langtímaskulda	<u>(269,745,440)</u>	<u>(271,403,789)</u>
Langtímaskuldir	<u>1,619,410,796</u>	<u>1,311,215,634</u>
Skammttímaskuldir		
Viðskiptaskuldir	294,047,355	239,753,705
Ýmsar skammttímaskuldir	70,777,504	46,753,205
Áætluð lífeyrisþátttaka næsta árs	8,416,400	5,360,000
Næsta árs afborganir langtímaskulda	<u>269,745,440</u>	<u>271,403,789</u>
Skammttímaskuldir	<u>642,986,699</u>	<u>563,270,699</u>
Skuldir samtals	<u>2,338,145,095</u>	<u>1,928,680,333</u>
Skuldir og eigið fé samtals	<u>12,785,406,540</u>	<u>12,145,049,957</u>

Reykjavík, 11. mars 2009

Grant Thornton endurskoðun ehf.



Theodór Sigurbergsson
löggiltur endurskoðandi







REYKJAVÍK



AKRANES



BORGARNES



GRUNDARTANGI